

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Norðurþingi.

*Gildistaka deiliskipulags heilbrigðisstofnana á Húsavík.*

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 8. maí 2025 breytingar á deiliskipulagi heilbrigðisstofnana á Húsavík. Breytingin felst í því að byggingarreitur að Auðbrekku 2 er rýmkaður og lóðarmörkum breytt þannig að öll nýframkvæmd vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar hjúkrunarheimilis verði innan sömu lóðar. Breyting deiliskipulagsins var metin óveruleg og grenndarkynnt nágrönnum skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Ekki bárust athugasemdir við tillöguna.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Húsavík, 12. maí 2025.*

**Gaukur Hjartarson** skipulagsfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 26. maí 2025